



Ársskýrsla 2005

Héraðsskjalasafnið var starfrækt með svipuðu sniði og undanfarin ár. Það háir þó starfsemi safnsins að mikill samdráttur hefur orðið í fjárveitingum til safnsins síðastliðin ár.

Opnunartími: Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 11.00-17.00, eins og undanfarin ár.

Starfslið: Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður er í 50% starfi.

Fyrirspurnir: Skráðar voru 64 (98) fyrirspurnir eða erindi. Gestir á lesstofu voru 38 (26).

Aðföng: Aðföng til safnsins á árinu voru 220 (209) móttekin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum. Safninu bárust góðar gjafir á árinu og ber að þakka gefendum fyrir þær.

Aðföng ársins 2005:

- Frá manntali Vestmannaeyjabæjar
- Teikningasafn Sigmunds Jóhannssonar
- Frá bæjarskrifstofum
- Frá Atvinnumálanefnd Vestmannaeyja
- Frá Rótarýklúbb Vestmannaeyja
- Frá Bókasafni Vm.
- Frá Bifreiðastöð Vestmannaeyja
- Frá Umhverfis- og framkvæmdasviði

Móttaka: Þann 15. mars tók héraðsskjalavörður á móti góðum gestum á lesstofu Bókasafnsins. Rótarýklúbburinn í Vestmannaeyjum kom í heimsókn til að kynna sér starfsemi safnsins. Gestirnir fóru einnig í skoðunarferð um skjalageymslurnar og þökkðu fyrir sig með afhendingu gagna úr fórum klúbbsins til Héraðsskjalasafnsins.

Námskeið: Þann 1. apríl fór héraðsskjalavörður á námskeið um gerð skjalaflokkunarkerfa fyrir stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Mánuðina október og nóvember sótti skjalavörður svo í þriðja sinn námskeiðið Húsin í götunni hjá Visku. Hefur miklu magni upplýsinga verið safnað saman um húsasögu Vestmannaeyja á þessum þremur arum og þegar komið skjalaverði að góðum notum.

Ráðstefna: Héraðsskjalavörður sótti Vestnorræna skjalaráðstefnu í Nuuk á Grænlandi 31. ágúst til 5. september. Á ráðstefnunni komu saman skjalaverðir frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi til að fræðast um rafræna skjalavörslu, byggðasögu, stjórnunarsögu og samstarfsverkefni skjalasafna í löndunum þremur.

Starfskynning: Þriðjudaginn 8. nóvember kom nemandi úr 10. bekk Barnaskóla Vestmannaeyja í starfskynningu á safnið. Neminn var hjá okkur allan daginn og náði að fá gott yfirlit yfir starfsemina.

Norræni skjaladagurinn: Laugardaginn 12. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni er þema dagsins “identitet” þ.e. sjálfsmynd eða sjálfsvitund, alltaf með það í huga að tengja einstaklinginn við umhverfi sitt í víðasta skilningi.

Okkar þema var því ákveðið “Við Eyjamenn”.

Í samstarfi við Ljósmyndasafn Vestmannaeyja var sett upp sýning á skjölum og ljósmyndum úr Elliðaey (tekna af Ingólfi Guðjónssyni frá Oddsstöðum), þar sem lífið við bjargnytjarnar um miðja 20. öldina var meginviðfangsefnið. Alls urðu gestir sýningarinnar þennan dag um 365 talsins.

Vestmannaeyjum í apríl 2006

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður